



Skýrslur Orkustofnunar. Upplag, fjölföldun,  
dreifing og sala

**Páll Ingólfsson, Erla Sigþórsdóttir, Jón Haukur Guðlaugsson,  
Ólafur G. Flóvenz, Páll Jónsson**

**Greinargerð PI-ES-JHG-ÓGF-PJ-99-01**

## **SKÝRSLUR ORKUSTOFNUNAR**

### **Upplag, fjölföldun, dreifing og sala**

#### **Umsjón útgáfu:**

Allar skýrslur Orkustofnunar skulu gefnar út undir umsjón útgáfustjóra. Hann sér einnig um að varðveita frumrit af öllum skýrslum.

#### **Útlit og merking:**

Allar skýrslur eru samræmdar hvað varðar útliti og meginefnisatriði, og hver eining er auðkennd með ákveðnum lit í borðum á kápu. Skýrslurnar eru merktar með hlaupandi númeraröð fyrir hvert ár, og ekki er gerður greinarmunur á A- og B-skýrslum í merkingu og útliti eins og fram til 1997.

Skýrslur, sem falla undir sömu skilgreiningu og A-skýrslur áður, eru merktar með alþjóða bók-númeri (ISBN-númeri) og eru þar með háðar ritaskilum til Landsbókasafns (4 eintök). Þær eru hér nefndar flokkur A, en aðrar skýrslur flokkur B.

#### **Upplag:**

Verkefnisstjóri/deildarstjóri og útgáfustjóri hafa samráð um upplag skýrslu hverju sinni.

Eintakafjöldi skýrslna og rita miðast við mat á upplagsþörf í hverju tilfalli.

Upplag skýrslna Vatnamælinga og Rannsóknasviðs miðast við þrennt; í fyrsta lagi við fastan eintakafjölda til bókasafns, þ.e. 20 eintök af skýrslum í flokki A, og 15 af skýrslum í flokki B. Af þessum eintökum fær hver höfundur eitt eintak, 3 fara til flokkunar/röðunar í bókasafni (málasafn, geymsla, útlán), og 2 eintök til skjalageymslu hjá VM og ROS. Einnig er gert ráð fyrir að eitt eintak verði sent til bókasafns alþingis og eitt til iðnaðarráðuneytis. Bókasafn hefur því nokkur eintök til sölu og almennrar dreifingar, t.d. fyrir starfsmenn sem þurfa á eintaki að halda vegna vinnu sinnar.

Í öðru lagi miðast upplag við óskir verkkaupa um eintakafjölda til sinnar vörslu.

Í þriðja lagi geta VM og ROS þurft fleiri eintök ef höfundar eru margir eða aðrar aðstæður krefjast þess.

#### **Varðveisla og dreifing:**

Þegar skýrsla er tilbúin fjölfölduð fær verkefnisstjóri afhent eitt eða fleiri eintök eftir aðstæðum, en upplag fer að öðru leyti til bókasafns skv. ofansögðu. Þar er haldin skrá um dreifingu hverrar skýrslu, og viðbótarupplag geymt. Einnig geymir bókasafn lager af eldri skýrslum.

#### **Kostnaður við fjölföldun og uppgjör hans:**

Skýrslur Orkumálasviðs - Allur kostnaður færður á viðkomandi einingu/deild fyrir sig.

Skýrslur unnar af VM og ROS - Allur útgáfukostnaður skal greiddur af verkkaupa (einnig viðbótareintök til vörslu og dreifingar hjá OS).

**Sala á skýrslum:**

Bókasafn annast sölu á skýrslum og tekjur af sölu skýrslna renna til safnsins.

Bókasafn ber kostnað af fjölföldun viðbótareintaka af skýrslum, bæði eldri titlum og skýrslum frá því eftir skipulagsbreytingu (frá og með 1997). Ef í skýrslu eru myndir í lit, grafískar eða ljósmyndir, og/eða henni fylgir sérkort í lit er hún seld skv. hærri verðflokki í samræmi við það. Einnig ef um er að ræða stórt upplag af dýrum skýrslum eða sérútprentanir korta þá verði það gert í samráði við viðkomandi deild.

**Lokaðar skýrslur:**

Auk verkkaupa fá aðeins verkefnisstjóri og skýrsluhöfundar eintak til eigin vörslu. Að öðru leyti verði lokaðar skýrslur geymdar til opnunardags, þ.e.a.s. þær verða ekki sendar í ritaskil heldur innpakkaðar, merktar og geymdar í lokaðri geymslu á bókasafni fram að opunardegi.

**Ágrip:**

Gert er ráð fyrir að lykilsíða skýrslna verði sett á heimasíðu OS, ef verkkaupi samþykkir.

**Greinargerðir:**

Um greinargerðir gildir almennt að skila skal 1-2 eintökum á bókasafn.

Á Rannsóknasviði og Vatnamælingum skulu höfundar greinargerða afhenda skrifstofu síns sviðs 2 eintök af hverri greinargerð. Skrifstofurnar afhenda bókasafni annað eintakið en hitt fer í skjalasafn ROS og VM.

Ofangreint er samkvæmt ályktun fundar 7. apríl 1999 - ES, JHG, ÓGF, PJ og PI -